




Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2025

SAGA3PV05

Kennari	Atli Þorsteinsson, atli.thorsteinsson@fss.is https://m.fss.is/course/view.php?id=67	
Viðtalstími	Föstudag klukkan 11:55 til 12:35.	
Námsefni	Allt námsefni á kennslusíðu áfangans https://m.fss.is/course/view.php?id=67	
Áfangalýsing	<p>Eftir helför nasista gegn gyðingum og fleiri hópum var gjarnan sagt „aldrei aftur“. Það „loforð“ hefur margoft verið svikið síðan þá. Í áfanganum á að skoða 20. og 21. öldina og líta á það sem flokkað hefur verið sem þjóðarmorð og/eða voðaverk en einnig verður skoðað hugtak sem farið var að nota um 1990; þjóðernishreinsanir. Því miður er af mörgu að taka í áfanga sem þessum. Efnistökin verða þau að með lestri, áhorfi og verkefnavinnu eiga nemendur að kynna sér ýmis þjóðarmorð og voðaverk sem framin hafa verið á sl. rúmum hundrað árum einkum af opinberum aðilum eða ríkisstjórnnum. Einnig á að skoða refsingar og stríðsglæpadómstóla. Helstu efni sem skoðuð verða eru: Kongó á Leopoldstímanum, Namibía: Herero fólkið, Armenía 1915, Sovétríkin: hreinsanirnar og hungursneyðin í Úkraínu, helförin, voðaverk Japana í Kína, stóra stökkið og menningarbyltingin í Kína, Kambódía árið núll, Rúanda, Darfúr, Austur Kongó og margt fleira.</p>	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	<p>Til þess að standast áfangann verða nemendur að taka öll próf og skila öllum verkefnabókum. Þá verður lokaeinkunn áfangans að vera 4,5 eða hærri.</p>	
	Símatsáfangi <input checked="" type="checkbox"/>	Lokapróf <input type="checkbox"/>
	Sleppikerfi <input type="checkbox"/>	
	Heiti	Vægi
	Leshjálp og tímaverkefni	10%
	Próf	40%
	Smáverkefni	10%
	Verkefnabækur	30%
	Skilaverkefni	10%
Reglur áfanga	<p>Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.</p> <p>Nemandi sem kemur 15 mínútum of seint eða hverfur úr tíma í meira en 15 mínútur fær fjarvist fyrir tímann.</p> <p>Þeir nemendur sem eru fjarverandi meira en 10 kennslustundir fá vinnueinkunn ekki gilda og þurfa að þreyta 100% lokapróf.</p>	

Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur þurfa tölvur í öllum kennslustundum.
--	---

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • hugtakinu þjóðarmorð, hvenær það varð til og hvers vegna • skilgreiningu þess hugtaks • þjóðernishreinsunum og geti skilgreint hugtakið • stríðsglæpadómstólum og hvar þeir eru starfandi • helstu þjóðarmorðum/voðaverkum sem tengjast efninu, geti áttað sig á umfangi þeirra og orsökum og hvað olli þeirri skelfingu sem atburðurinn hafði í för með sér • mikilvægi gagnrýnnar hugsunar 	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • beita sjálfstæðum vinnubrögðum við öflun heimilda og úrvinnslu þeirra • tjá sig í ræðu og riti um efni áfangans, rökræða efnið og geta miðlað því á fjölbreyttan máta • skilgreina þau hugtök sem áfanginn fjallar um • greina áreiðanleika heimilda og upplýsinga sem er að finna um efnið • lesa fræðilega texta á íslensku og erlendum málum um efni áfangans
<p>Hæfni</p> 	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skilgreina orsakir þessara voðaverka, gera sér grein fyrir afleiðingum þeirra bæði staðbundið og á heimsvísu • átta sig á hvers vegna leiðtogar og hópar hvetja til voðaverka gegn þjóðum, þjóðarbrotum og etniskum hópum • útskýra hvers vegna alþjóðasamfélagið leggur svo mikla áherslu á að koma í veg fyrir þjóðarmorð og þjóðernishreinsanir • greina orsakir þess að stórþjóðir og alþjóðastofnanir eru oft svifaseinar og getulitlar í málum þeim sem áfanginn fjallar um. • geta miðlað sögulegum fróðleik á áhugaverðan og fjölbreyttan hátt 	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
verkefnavinna	15 klst.	15 klst.
Alls		107 klst. = 5 fein*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 6. – 10. janúar	Inngangur og kynning Hvað eru þjóðarmorð?	
2. vika 13. – 17. janúar	Hvað eru þjóðarmorð?	
3. vika 20. – 24. janúar	Namibía	
4. vika 27. – 31. janúar	The promise	
5. vika 3. - 7. febrúar	Armenar í Tyrklandi	
6. vika 10. - 14. febrúar <i>Uppbrotisdagur</i>	Belgíska Kongó	Verkefnabók 1 Hlutapróf 1
7. vika 17. - 21. febrúar	Helförin	
8. vika 24. - 28. febrúar <i>Vetrarfrí 27. og 28.</i>	Kambódía	
9. vika 3. - 7. mars <i>Námsmatsdagur - Miðannarmat</i>	First they killed my father	
10. vika 10. - 14. mars	Úkraína	Verkefnabók 2 Hlutapróf 2
11. vika 17- 21. mars	Ísrael og Palestína	
12. vika 24. - 28. mars	Rúanda	
13. vika 31. mars - 4. apríl	Kína	Verkefnabók 3 Hlutapróf 3
14. vika 7. - 11. apríl <i>Starfshlaup - Páskafri</i>	Índíánar í Bandaríkjunum og Ástralíu	
15. vika 22. - 25. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	Austur Tímor	
16. vika 28. apríl - 2. maí	Júgóslavía	Verkefnabók 4 Hlutapróf 4
17. vika 5. - 9. maí	Lokaverkefnisvika	Skil á lokaverkefni

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Atli Þorsteinsson